

Tillaga	A 1967/PRE
Flytjandi	Norrænt frelsi
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

## Þingmannatillaga um gerð fríverslunarsamnings milli Færeyja og ESB

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hvetji til gerð fríverslunarsamnings milli Færeyja og ESB

### Bakgrunnur

Samband Færeyja, sem eru hluti af danska ríkinu, og Evrópusambandsins er sérstakt, þar sem Færeyjar völdu að ganga ekki í ESB er Danmörk gekk í það sem nefndist Evrópubandalagið árið 1973. Síðan þá hafa Færeyjar haft aukaaðild sem felur í sér viðskipti við ESB á sérstökum kjörum.

Gildandi samningur milli Færeyja og ESB er frá árinu 1997 og er takmarkaður og í ójafnvægi, þar sem vissulega er fríverslun í vöruviðskiptum frá ESB og Danmörku, og Færeyjar geta flutt mikið magn fisks tollfrjálst til ESB. Hins vegar gildir bestukjaratollur um unnar fiskafurðir og aðrar vörur, sem þýðir að tollur er lagður á margar færeyskar vörur þegar þær eru fluttar út til Danmerkur og annarra staða í ESB.

Með öðrum orðum neyðast Danmörk og önnur norræn lönd til að meðhöndla Færeyjar sem þriðja land, sem er ósamngjarnt fyrir land sem er hluti af danska ríkinu og Norðurlöndum.

Í Færeyjum hefur í áraraðir verið mikill vilji til að eiginlegur fríverslunarsamningur komi í stað viðskiptasamningsins frá árinu 1997 og Norrænt frelsi telur að líta beri á þetta sem samnorrænt málefni.

Frá árinu 2005 hefur útflutningur Færeyja til ESB (að undanskilinni Danmörku) minnkað úr 66,2 prósentum árið 2005 í 53,7 prósent árið 2022.

Vegna erfiðleika við að selja unnar vörur á evrópskum markaði hafa Færeyjar meðal annars selt vörur til Rússlands. Fiskveiðisamningur milli Færeyja og Rússlands (og áður Sovétríkjanna) hefur verið í gildi frá árinu 1977. Hins vegar minnkaði samanlagður útflutningur frá Færeyjum til Rússlands úr 25% í 8% frá árinu 2021 til 2022 samkvæmt Hagstovan (hagstofunni í Færeyjum).



Færeyjar hafa af frjálsum vilja og með hollustu framfylgt evrópskum refsiaðgerðum gegn Rússlandi eftir innrás Rússlands í Úkraínu þrátt fyrir að landinu, sem þriðja land, beri ekki skylda til þess.

Á síðustu árum hefur ESB átt í viðræðum um og gert ýmsa nýja fríverslunarsamninga sem gætu haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir Færeyjar. Árið 2016 gerðu ESB t.d. svonefndan CETA-samning við Kanada sem gefur Kanada möguleika á að flytja allar sínar fiskafurðir tollfrjálst til ESB. Kanada og Færeyjar eiga í samkeppni um framleiðslu og útflutning fiskafurða og ESB hefur því valið að setja norðuramerískt land framur hluta danska ríkisins.

Færeyjar, með stærð sinni og útflutningsmagni, eru á engan hátt raunveruleg ógn við evrópskan markað forunninna fiskafurða. Auk fisks flytja Færeyjar einnig út takmarkað magn skinna, ullar og kjöts. Útflutningur þessara afurða er ekki heldur nokkur ógn við hinn innri markað.

Gerð raunverulegs fríverslunarsamnings milli ESB og Færeyja myndi stuðla að aukinnar samhverfu í viðskiptum milli þessara tveggja svæða. Núgildandi viðskiptasamningur einkennist af mikilli ósamhverfu og tiltölulega einhliða ávinningi fyrir ESB.

Kaupmannahöfn, 4. september 2023

*Juho Eerola (saf)*

*Minna Reijonen (saf)*

*Joakim Vigelius (saf)*

*Pia Sillanpää (saf)*

*Angelika Bengtsson (SD)*

*Ann-Christine From Utterstedt (SD)*

*Victoria Tiblom (SD)*

*Staffan Eklöf (SD)*

*Mikkel Bjørn (DF)*